



Lokaskýrsla vegna styrks úr Þróunarsjóði leik- og grunnskóla Vestmannaeyja



Leikjahandbók

Umsjónarkonur: Guðrún Bára Magnúsdóttir og Guðrún Lilja Friðgeirsdóttir

Ábyrgðaraðili: Helga Björk Ólafsdóttir

Veturinn 2021

Leikskólinn Sóli

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Markmið verkefnisins var að útbúa handhæga handbók sem innihéldi leiki fyrir börn á aldrinum tveggja til fimm ára. Hugsunin var að geta gripið í handbókina sem samanstæði af leikjum og þrautum þar sem góðar lýsingar á hverju viðfangsefni fyrir sig kæmu fram.

Markmið verkefnisins voru eftirfarandi:

- Að auka úthald og styrk
- Styrkja hópefli
- Auka liðleika
- Efla líkamsvitund
- Æfa fyrirmælaæfingar
- Efla hlustun
- Efla leikræna tjáningu

Í Aðalnámskrá leikskóla er sagt að áherslu þurfi að leggja á daglega hreyfingu og stuðla þannig að markvissu hreyfiuppeldi. Í skólum sem vinna með markvissa hreyfingu er lagður grunnur að andlegri, félagslegri og líkamlegri velferð barna til lífstíðar. Það er í hlutverki skóla að stuðla að öruggu umhverfi til þess að efla hreyfifærni barna og hvetja þannig til hreyfingar (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Leiðir til að ná markmiði:

Eftir að við hlutum styrkinn byrjuðum við að sanka að okkur hugmyndum af góðum og gagnlegum leikjum til þess að hafa í bókinni. Við hugsuðum hvernig leiki við vildum hafa og hvaða markmiðum við myndum vilja skila með leikjum. Við ákváðum að hafa einn kafla í handbókinni tileinkaðan þrautabrautum, því við sjáum mikinn ávinning í því að hafa vel uppsettar þrautabrautir. Við keyptum efnivið til þess að nýta í uppsetningu þrautabrautanna, sem hefur reynst virkilega vel og er mikið notaður í leikskólanum.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Upphaflega áætlunin var að safna saman leikjum, prófa leikina með börnunum og setja þá niður í gagnasafn sem verður að hefti eða bók. Þessi áætlun stóðst og verður leikjabókin prentuð út og höfð á aðgengilegum stað.

Undirritaðar hittust reglulega, þar sem farið var yfir stöðu verkefnisins, það rætt hvernig útfærslan á því skyldi vera og hvernig bókin myndi nýtast sem best.

Mat á verkefninu:

Styrkþegar eru virkilega ánægðir með afrakstur verkefnisins. Leikjahandbókin er handhægt hefti sem við sjáum fyrir okkur að geta auðveldlega gripið í í starfi. Í starfi hefur okkur oft fundist vanta eitthvað gagnasafn til þess að grípa í, sem auðvelt er að flétta í gegnum til þess að finna leik sem passar við tilsett markmið hverju sinni.

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarfið og kynning á

verkefninu:

Afrakstur verkefnisins er útprentuð leikjahandbók, sem inniheldur ítarlega lýsingu á leikjum, áætlaðan tíma sem leikirnir taka, fjölda barna, áherslur leiks, efnivið og rými sem til þarf hverju sinni.

Ráðstöfun styrks:

Fræðsluráð samþykkti að veita verkefninu styrk að upphæð kr. 443.600. Í töflunni hér að neðan má sjá ráðstöfun styrksins.

Efniviður fyrir leiki og þrautabraut	253.650 Kr.
Laun	264.306 Kr.
Útprintun á handbókinni	11.100Kr.

Samtals kr. 443.600.

Sundurliðun fyrir kaup á efnivið

Krumma (Ársteinar 2x, Snertidiskar, Build N'Balance jafnvægisbraut og skjögurplanki)	131.110 kr.
Cool Shop (Bobles crocodile 2x og Bobles chicken 2x)	47.560 kr.
Playroom (Pikler)	49.990 kr.
ABC (Form - göng)	24.990 kr.

Samtals kr. 253.600.